

# Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2009



*Framkvæmdanefnd um kvennafri 1975*

**Reykjavík, febrúar 2010**

# Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2009

Umsjón:  
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:  
Edda G. Björgvinsdóttir  
Erla Hulda Halldórsdóttir  
Helga Guðmundsdóttir

Kvennasögusafn Íslands  
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík  
Sími: 525 5779  
Netfang: [kona@bok.hi.is](mailto:kona@bok.hi.is)  
Veffang: <http://www.kvennasogusafn.is>

## Úr ársreikningi 2009:

### Tekjur

Fjárlög	3.448.057
Framlag menntamálaráðuneytis	<u>2.550.000</u>
Samtals:	5.998.057

### Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	5.609.377
Laun stjórnarnefndar	241.056
Annar rekstrarkostnaður	<u>192.775</u>
Samtals:	6.043.208

## **Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands**

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er m.a. ætlað að vera til ráðuneytis um ráðningu starfsmanns Kvennasögusafns; að semja árlega skýrslu um starfsemina; að gera árlega fjárhagsáætlun vegna fjárlagagerðar, og að aðstoða að öðru leyti við fjáröflun til verkefna. Árið 2009 skipuðu nefndina:

Edda G. Björgvinsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns

Erla Hulda Halldórsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum

Helga Guðmundsdóttir (formaður), fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands

### **Starfsmenn**

Auður Styrkárdsdóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðukonu um mitt ár 2001.

Forstöðukona er eini fasti starfsmaður safnsins.

### **Almennt um starfsemi safnsins**

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og gangast sjálft fyrir rannsóknum. Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum namar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berst því nokkuð af fyrirspurnum erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.

– Sjálfstæðum rannsóknum forstöðukonu sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðukonu: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif, fyrirlestrar og fjáröflun.

Árið 2009 var safnið opið virka daga milli kl. 10-15 en forstöðukona hafði lengri viðveru. Safnið var lokað vegna sumarleyfis 25. viku, 29. og 30. viku og einnig var lokað frá 17. desember til áramóta. Þá var safnið lokað vegna veikinda forstöðukonu hálfra 37. viku og alla 38. viku.

### **Aðsókn að safninu**

Á árinu 2009 rituðu 96 einstaklingar nafn sitt í gestabók. Um miðjan mars hóf forstöðukona að ósk framkvæmdaráðs Landsbókasafns að telja safnbeiðnir sem bárust símleiðis og með tölvupósti. Beiðnir símleiðis skráðar 69 og með tölvupósti 67 beiðnir.

### **Endurmenntun, ráðstefnur, fundir**

Forstöðukona sótti ótal fundi og aðra viðburði á vegum kvennasamtaka og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Þá sótti hún fundi norræna verkefnisins “Kön och makt” í Stokkhólmi í febrúar og í Osló í júní.


### **Viðburðir**

#### ***Kvöldvaka***

Kvöldvöku hélt Kvennasögusafn að þessu sinni með Kvenréttindafélagi Íslands í sal Hallveigarstaða við Túngötu 10. desember. Vakan tókst vel að venju. Forstöðukona opnaði formlega vefsíðusvæði um Laufeyju Valdimarsdóttur á vef Kvennasögusafns. Lesið var upp úr bókum eftir konur, kaffi og piparkökur voru á boðstólum og efnt var til veglegs happdrættis.

## *Vefsíður um Laufeyju Valdimarsdóttur*

Kvennasögusafn fékk í byrjun árs 2009 styrk úr sjóði Hlaðvarpans—Menningarsjóðs íslenskra kvenna, til að gera vefsíðusvæði um Laufeyju Valdimarsdóttur (1890-1945). Svæðið var opnað formlega 10. desember á kvöldvöku sem safnið hélt með



Kvenréttindafélagi Íslands, en Laufey var einmitt formaður KRFÍ frá 1927 til dauðadags. Á vefsíðunum er að finna æviágrip Laufeyjar ásamt þeim frásögnum af henni sem til eru í bókum og bent er á heimildir um hana og skrif eftir hana. Þá eru birtar fjöldamargar ljósmyndir sem fengnar voru frá Þjóðminjasafni og Laufeyju Sigurðardóttur, barnabarnabarni Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. Laufey

Valdimarsdóttir átti frumkvæðið að stofnun nokkurra félaga kvenna, þ.á.m.

Mæðrastyrksnefndar, en gögn þessara félaga er flest að finna á Kvennasögusafni Íslands og er vakin á því athygli á vefsíðunum.

## *Sýningin „Og íslenska konan eignaðist rödd“*

Sýning með ofangreindu nafni var opnuð í sýningarrými á 2. hæð í Þjóðarbókhöfðu síðasta vetrardag, 22. apríl. Forstöðukona Kvennasögusafns og Sonja B. Jónsdóttir, sýningarstjóri Landsbókasafns, unnu að sýningunni þar sem fjallað var um íslensk blöð og tímarit sem konur hafa gefið út og/eða ritstýrt og hafa einkum verið ætluð konum. Sigríður Bragadóttir hannaði útlit sýningarinnar. Torfhildur Hólm fékk sérstaka umfjöllun, enda fyrst íslenskra kvenna sem gaf út tímarit (*Draupnir*). Á sýningunni voru ýmsir munir úr eigu Torfhildar sem varðveittir eru hjá Kristínu Guðmundsdóttur og á Minjasafni Reykjavíkur, m.a. stofuborð hennar, peysufatasjal og púði sem hún saumaði og perluskreytti. Einnig voru þar sýnishorn af handritum og blómteikningum Torfhildar sem varðveitt eru á handritadeild Landsbókasafns. Þá mátti sjá á sýningunni ritvél Laufeyjar



Valdimarsdóttur og bréf sem hún skrifaði á þann góða grip til utanríkisráðuneytisins vegna ferðar á þing Alþjóðasambands kvenréttindakvenna í Genf árið 1945 en hún lést í þeirri ferð.

## Útgáfu- og kynningarmál, fræðiskrif og rannsóknir

### *Erindi forstöðukonu 2008:*

‘Kyn og völd á Íslandi’. Kynning á norræna verkefni *Kön og magt* í Háskólanum á Akureyri og Jafnréttisstofu á Akureyri. 7. október.

‘Kön och makt på Island’. Erindi á lokarárðstefnu verkefnisins ‘Kön och makt i Norden’ í Reykjavík 18.- 19. nóvember. (Afrít af glærum fylgir skýrslu þessari).

‘Women’s movements in Iceland’ – kynning á íslenskum kvennahreyfingum hjá GET við H.Í. (Gender Equality Training Programme). 26. nóvember. (Afrít af glærum fylgir skýrslu þessari).

### *Fjölmíðlaviðtöl um efni safnsins og/eða kvennasögu:*

Apríl. Viðtal í þættinum *Samfélagið í nærmynd* á RUV 1 um sýninguna „Og íslenska konan eignaðist rödd“.

### *Annað:*

Forstöðukona var málstofustjóri á hugvísindapíngi hjá H.Í. er nefndist „Kvennabarátta og kristin trú“, 29. apríl.

## Sérverkefni

### Nýtt á Netinu

Á árinu lagði forstöðukona sem fyrr áherslu á fræðslustarfsemi safnsins, einkum gegnum veraldarvefinn. Forstöðukona bætti þessu efni á vefinn á árinu 2009:

*Laufey Valdimarsdóttir (1890-1945)*. Afrít af síðunum fylgir þessari skýrslu. Safnið fékk styrk frá Hlaðvarpanum, menningarsjóði kvenna, til þessa verkefnis eins og greint var frá hér að ofan.

## **Erlent samstarf**

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk institutt i kvinne- og kjønnsforskning, í Osló. Safnið er skráð í gagnagrunna á vegum NIKK og er jafnan getið í tímaritum NIKK (*NIKK Magasin*, *Nytt fra NIKK* og *News from NIKK*). NIKK kallar tvisvar á ári saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til funda en forstöðukona Kvennasögusafns sótti ekki slíkan fund á árinu 2009.

Forstöðukona hóf vinnu í norræna verkefninu *Kön och makt* í september 2008 sem unnið var fyrir Norðurlandaráð og stýrt af NIKK en ábyrgð á Íslandi var á hendi RIKK.

Forstöðukona, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, dósent við H.Í., og Rósa G. Erlingsdóttir, doktorsnemi í Kaupmannahöfn, söfnuðu upplýsingum fyrir verkefnið á Íslandi og rituðu skýrslur um Ísland. Verkefninu lauk með ráðstefnu í Reykjavík sem haldin var dagana 18. og 19. nóvember 2009. Þar kynntu forstöðukona Kvennasögusafns og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir íslensku niðurstöðurnar.

Safnið er skráð í gagnagrunninn *Mapping the World of Women's Information Services Database* sem rekinn er á vegum IIAV (International Information Centre and Archives for the Women's Movement, stofnað 1935, í Amsterdam. Safnið á einnig aðild að WINE (Women's Information Network Europe) sem stofnað var 1996 og hýsir kvennasögusöfn og sambærilegar stofnanir í Evrópu. Markmið WINE er að ýta undir samvinnu kvennasögusafna og standa fyrir sameiginlegum verkefnum. WINE tekur þátt í starfi ATHENA (Advanced Thematic Network in Activities in Women's Studies in Europe).

## **Starfið framundan**

Forstöðukona sótti um og fékk undir lok árs 2009 að færast úr 100% starfi í 80% starf. Sú ákvörðun kom sér vel því fjárveiting til safnsins var skorin mjög niður og verður það því rekið með lágmarksþjónustu árið 2010 hið minnsta. Ekki verður ráðist í nein verkefni sem krefjast fjárútláta af hálfu safnsins.



## Aðföng 2009

### Handrit:

**9 janúar** Börn Þórunnar Magnúsdóttur (1920-2009) sagnfræðings afhentu Kvennasögusafni 7 kassa með bókum móður sinnar auk ýmissa skjala. Bækurnar voru afhentar aðföngum Landsbókasafns til yfirferðar, en skjölin flokkuð og varðveitt hjá Kvennasögusafni.

**25 mars** Anna Wolfram færði safninu fundagerðabækur og gögn Kvenfélagsins Öldunnar sem lagt var niður í febrúar 2009 og hafði þá starfað í 50 ár.

**14 apríl** Um hendur Hjörleifs Sveinbjörnssonar barst safninu kassi með skjölum og blöðum í eigu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fyrrum borgarstjóra Reykjavíkur, þingkonu. Flest af efninu varðaði Kvennalistann.

**4 maí.** Halldóra Þorsteinsdóttir færði safninu ýmis gögn úr fórum móður sinnar Birgittu Guðmundsdóttur, en hún var formaður félags Afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkurbúðum um árabíl.

**19 maí** Þuríður J. Árnadóttir, Mávahlíð 13, s. 5524149, færði safninu æviminningar Sigríðar Ingimundardóttur (1893-1989) er hún skráði eftir frásögn Sigríðar. Inngangur og eftirmáli eftir Þuríði. Soffía Gunnarsdóttir, Jórvík í Álftaveri, aðstoðaði Þuríði við frágang.

**11 júní** Sigríður Kristinsdóttir, Grenimel 31, s. 551 4945, afhenti safninu kassa með ýmsum skjölum frá Samtökum kvenna á vinnumarkaði. M.a. nafnalistar yfir meðlimi, bréf til samtakanna og ýmis önnur skjöl.

**17 ágúst** Kolbrún Halldórsdóttir, Fornhaga 21 í Reykjavík, færði safninu þrjá pappakassa með skjölum tengd málefnum kvenna, en þessi skjöl bárust henni í hendur frá vori 1999 til vors 2009 er hún sat á Alþingi. Skjölin voru flokkuð í málefni af hennar hálfu.

**27 nóvember** Hanna Björk Hlöðversdóttir, Langholtsvegi 22, færði safninu möppu með kvittunum vegna félagsgjalda Málfréyjanna á árunum 1977-1986 er hún var gjaldkeri. Eftir þessu má setja saman félagatal samtakanna fyrstu árin, sem ekki mun annars staðar til, að sögn Hönnu.

**30 nóvember** Í kassa bárust safninu skjöl er tengjast Ólafíu Jóhannsdóttur og voru í dánarbúi Vigdísar Magnúsdóttur (1931-2009), hjúkrunarkonu og forstjóra Landspítalans 1995-1999. Þangað komu gögnin væntanlega frá Ólafíu Jónsdóttur, hjúkrunarkonu. Þarna eru blaðaúrklippur er tengjast Ólafíu og minningarsjóði um hana, stúlubók með frásögn Ólafíu Jónsdóttur af nöfnu sinni, nokkur handskrifuð blöð Ólafíu Jónsdóttur og bækur er varða diakonissustörf/heimili, aðallega í Finnlandi.

**15 desember** Elsa Guðjónsson sendi safninu handrit Sigríðar Ingimarsdóttur að „Hjálmar og Hulda“ sem ort var til söngs á skemmtisamkomu í tilefni af afmæli stúkunnar Einingar nr. 14 í Reykjavík. Birtist í „Húsfreyjunni“ 1. tbl. 1976, bls. 19.

**22 desember** Sigrún Klara Hannesdóttir og fleiri færðu safninu til varðveislu gögn Soroptomistaklúbbs Reykjavíkur 1973-2007. Skjölin komu flokkuð í öskjur.

## **Annað:**

**15. janúar** Guðrún Lára Ásgeirsdóttir færði Kvennasögusafni 2 eintök af smáritinu „Bréf Guðrúnar Lárusdóttur til Guðrúnar systur sinnar rituð á árunum 1902-1924“ er gefið var út til minningar um Guðrúnu Lárusdóttur 8 janúar 1880. Útgefendur voru niðjar Guðrúnar Lárusdóttur og upplag mjög takmarkað (60). Annað eintakið fór til Landsbókasafns.

**22. janúar** Gerður Steinþórsdóttir færði safninu kassa með nokkrum árgöngum af tímaritunum *19 júní* og *Vera*. Einnig framsögu Herdísar Helgadóttur á ráðstefnu um kjör láglaunakvenna er haldin var á Hótel Loftleiðum 16 maí 1976 (eintak til í öskju 112).

**3. apríl** Jóhann Guðmundsson færði safninu eftirtaldar bækur sem hann batt sjálfur inn og gyllti:

*Brauð og kökur. 350 uppskriftir fyrir bökun í heimahúsum.* Björn O.J. Björnsson, Reykjavík, 1933

*Berjabókin* eftir dr. Gunnlaug Claessen og Kristbjörgu Þorbergsdóttur matráðskonu á Landspítalanum. 2. útgáfa. Reykjavík, 1942

*Matreiðslubók* eftir Helgu Thorlacius með formála eftir Bjarna Bjarnason lækni. Reykjavík 1940

*Grænmeti og góðir réttir*, Samið, safnað og íslenskað hefur Gðrún Hrönn Hilmarsdóttir. Reykjavík, 1957

*Kökur Margrétar.* Margrét Jónsdóttir. Útgefandi Margrét Jónsdóttir, Reykjavík, 1957

*Kökur Margrétar.* Margrét Jónsdóttir. Útgefandi Margrét Jónsdóttir, Reykjavík, 1967

*Húsmæðrabókin. Hússtörf, smurt brauð og kökur.* Sigríður Nieljohniusdóttir tók saman. Akureyri, 1951

*Lifandi fæða. Þýðing hráfæðis fyrir heilbrigðina* eftir Kristine Nolfi lækni. Björn L. Jónsson þýddi. Reykjavík, 1951

*Matreiðslubókin mín. Leiðbeiningar í matreiðslu og næringarefnafræði.* Reykjavík, 1961

**7. apríl** Sólbjört Aðalsteinsdóttir, s. 5541315, gsm. 8962759, gaf safninu 5 litlar ensk-íslenskar, íslensk-enskar vasaorðabækur frá árunum 1941-1965; Tíðavísur eftir Plausor; Skáld-Rósa og Agnes, minningaljóð, eftir Jósep S. Húnfjörð, og Alheimskort, litprentuð, Handbók Ísafoldar nr.1. Afhent aðfangadeild Landsbókasafns.

**30. apríl** Erla Hulda Halldórsdóttir færði safninu kópi af ljósmynd af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur. Pétur Leifsson er merktur fyrir myndinni en ártalið máð. Sennilega var myndin tekin á áttatræðisafmæli Bríetar en þekkt er ljósmynd Kaldals af því tilefni.

**10. maí** Reynir Ingibjartsson færði safninu eintak af bókinni „Kristín Dahlstedt veitingakona. Æviminningar“. Hafliði Jónsson frá Eyrum skráði. Kristín var föðuramma Reynis.

**2. nóvember** Gyða Margrét Pétursdóttir færði safninu eintak af doktorsritgerð sinni sem er fyrsta doktorsvörn í kynjafræði við Háskóla Íslands. Riterðin ber heitið „Within the aura of Gender Equality“ og er gefin út af Háskóla Íslands.